

Sp. **335. Tillaga til þingsályktunar** [157. mál]
um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar tillögur um gjaldskrárbreytingar til umsagnar Neytendasamtakanna.

Greinargerð.

Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilvikum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt, að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrár og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsgöðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst, að það hlýtur ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Verðlagsyfirlit fá til umsagnar og samþykktar hækkunarbeiðnir á gjaldskrár opinberra stofnana. Hins vegar er minna hugað að samsetningu gjaldanna og tilfærslu milli gjaldaliða gjaldskráanna. Nýlegt dæmi um slíka breytingu eru áform Pósts og síma um breytingar á skrefatalningu símtala.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök, sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenníngi til hagsbóta.